

Eftir þessum málalokum verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, kr. 90.000 með 14% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. nóvember 1982.

Nr. 212/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Birgi Vilhjálmsyni og

Héðni Kjartanssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Skurðgrafa. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múla-sýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði Birgir Vilhjálmsson óskaði áfrýjunar héraðsdóms af sinni hálfu. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar. Héraðsdómi er áfrýjað til þyngingar refsingu að því er varð-

ar ákærða Birgi og þess krafist, að tími ökuleyfissviptingar verði lengdur.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ekki þykir sannað gegn eindreginni neitun ákærða Héðins, að hann hafi ekið skurðgröfunni í umrætt skipti. Verður héraðsdómur staðfestur að niðurstöðu til að því er hann varðar.

Eins og í héraðsdómi segir, hefur ákærði Birgir neitað því bæði fyrir lögreglu og dómi, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók skurðgröfunni. Vitnið Þórarinn Baldursson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki merkt það, að ákærði Birgir væri ölvaður. Vitnið Jóhann Hrólfur hefur borið fyrir dómi, að ákærði Birgir hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis við aksturinn, en vitni þetta hafði skýrt svo frá fyrir lögreglu kvöldið, sem hinir ákærðu voru handteknir, að það hefði ekki veitt því athygli, hvort hann væri ölvaður. Ákærði var að vísu ölvaður, þegar hann var handtekinn, en hafa verður í huga, að þá var alllangur tími liðinn frá því að hann hafði ekið, og hann kvaðst hafa „drukkið nokkuð stíft“ eftir það. Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykja ekki gegn neitun hans fram komnar fullnægjandi sönnur fyrir því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur skurðgröfunnar í umrætt skipti. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Birgir Vilhjálmsson og Héðinn Kjartansson, skulu vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda ákærðu, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir báðum dómum, 7.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæruskjali svo og í lögregluskýrslum og dómskýrslum er ökutæki það, sem ákærðu er gefið að sök að hafa ekið, sagt vera skurðgrafa. Í ákæruskjali er ákærði Héðinn hins vegar talinn hafa gerst brotlegur við meðal annars 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga, en það ákvæði á við um akstur dráttarvéla. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um framangreint tæki, þeirra á meðal bréf Guðjóns Magnússonar, fulltrúa sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dags. 13. september 1982. Segir þar meðal annars svo:

„Undirritaður hefir aflað sér eftirfarandi upplýsinga um framangreint tæki, m. a. hjá umboðssölu tækisins Vélar og Þjónusta h.f., Reykjavík:

Tæki þetta er „dráttarvél“ með ámokstursskóflu á gálgum að framan og gröfukrabba að aftan. Tækið er samtals rúm 7 tonn að þyngd, og er vél þess 67 hestöfl. Það mun hafa svipaða aksturseiginleika og dráttarvél, en þeir takmarkast nokkuð af aukinni þyngd tækisins vegna mokstursskóflu og krabba. Nær tækið 25—30 km hraða í það mesta. Tæki þessi eru tollflokkuð sem vinnuvélar. Þó hefir eigendum þeirra verið heimilað að láta skrá þau sem dráttarvélar, og mun reyndar hafa verið gengið eftir því hjá nokkrum embættum, t. d. lögreglustjóranum í Reykjavík. Eftir því sem undirritaður kemst næst, mun ekki hafa verið leitað formlegs úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um skráningarskyldu þessara tækja, shr. 3. gr. umferðarlaga.“

Samkvæmt þessu, og þar sem umrætt tæki var ekki skrásett sem dráttarvél á ökutækjaskrá, þykir verða við það að miða í málinu, að það hafi verið vinnuvél í merkingu 2. gr. umferðarlaga.

II.

Með játningu ákærða Birgis og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann ók vinnuvélinni í umrætt sinn.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra 13. október 1978, er ákærði Birgir hefur undirritað, skýrði hann sjálfur svo frá, að hann hefði drukkið 1½ vatnsglas af „Hunter“ víni fyrir aksturinn, nánar tiltekið á tímabilinu frá kl. 1530—1730. Í sakadómi 13. júní 1979 synjaði hann að vísu fyrir áfengisneyslu á undan akstri, en án allra skýringa á þeirri breytingu á fyrri skýrslu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson hefur undirritað, fór hann á lögreglustöð til að kæra báða ákærðu fyrir akstur undir áhrifum áfengis. Í heitfestu vætti fyrir sakadómi hefur þetta vitni borið, að orðið hafi ljóst, áður en ákærðu óku brott að afloknu erindi sínu við hann, að ákærði Birgir væri greinilega undir áhrifum áfengis. Verður þessum heitfesta framburði ekki hafnað, þó að í lögregluskýrslu sé það haft eftir vitninu, að það hafi ekki veitt því athygli, hvort Birgir væri „ölvaður“.

Í héraðsdómi greinir frá vætti Þórarins Baldurssonar um frásögn ákærðu þess efnis, að þei hafi báðir verið undir áhrifum áfengis í margnefnt sinn. Verður að telja, að sá vitnisburður sé til styrktar öðru því, sem fram er komið um, að svo hafi verið í raun réttir.

Þegar allt framangreint er virt, tel ég, að staðfesta beri þá úrlausn héraðsdóms, að nægilega sé sannað, að ákærði Birgir hafi ekið vinnuvélinni undir áhrifum áfengis.

III.

Með játningu ákærða Héðins, sem studd er öðrum gögnum máls, er sannað, að hann var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra, undirritaðri af ákærða Héðni, viðurkenndi hann að hafa ekið skurðgröfunni. Í hinu heitfesta vætti sínu hefur Jóhann Hrólfur Guðmundsson staðfest, að rétt sé greint frá um þetta atriði í skýrslu varð-

stjóra. Afturköllun ákærða Héðins á fyrri skýrslu sinni um þetta atriði, er hann kom fyrir sakadóm 8. febrúar 1979, er ekki studd haldbærum skýringum. Í áðurgreindu heitfestu vætti sínu bar Jóhann Hrólfur það, að hann hefði séð ákærða Héðin aka skurðgröfunni, þegar ákærðu héldu á brott frá honum. Þetta hefur vitnið ítrekað fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu 19. mars 1982. Þegar allt þetta er virt, verður að telja nægilega sannað, að einnig ákærði Héðinn hafi ekið vinnuvélinni.

IV.

Ákærðu hafa báðir borið, að þeir hafi neytt áfengis eftir að ökuferð þeirra lauk. Þeir eru að vísu einir til frásagnar um þá áfengisneyslu, og skýrslur þeirra, er að henni lúta, fá alls eigi samrýmst í veigamiklum atriðum, eins og í hér-aðsdómi greinir. Allt um það þykir þó varhugavert með hliðsjón af framurðum þeirra um þetta atriði að leggja niðurstöður rannsóknar á áfengismagni í blóði þeirra óskorað til grundvallar dómi í málinu. Verða því brot þeirra beggja heimfærð undir 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði Héðinn var hinn 7. september 1978 sviptur ökuréttindum í 1 ár frá þeim degi að telja fyrir ölvun við akstur. Hefur hann því með háttsemi sinni einnig gerst brotlegur við 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga, en samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 og með skírskotun til þess, er greinir í I að framan, þykir mega beita því ákvæði í stað 1. mgr. nefndrar 28. greinar, sem skírskotað er til í ákæruskjali.

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, tel ég, að dæma beri ákærða Birgi Vilhjálmsson til að greiða 5.000 00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms í málinu.

Samkvæmt sömu lagaákvæðum tel ég, að dæma beri ákærða Héðin til að sæta varðhaldi í 15 daga.

Með skírskotun til 81. gr. umferðarlaga ber enn fremur

að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða Birgis, en svipta ber ákærða Héðin ökuréttindum ævilangt.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 20. mars 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrir í dag, er höfðað af ríkis-saksóknara með ákæruskjali, dags. 8. ágúst 1979, „á hendur Birgi Vilhjálmsyni verkamanni, Miðgarði 6, fæddum 1. marz 1960 á Egilsstöðum, og Héðni Kjartanssyni verkamanni, fæddum 10. október 1960 á Seyðisfirði, Laufási 3 á Egilsstöðum, fyrir að aka til skiptis undir áhrifum áfengis skurðgröfu af Last gerð um götur Egilsstaðakaupþúns, ákærði Héðinn sviptur ökuréttindum, frá Reynivöllum 2 að viðgerðarstofu Benedikts Vilhjálms-sonar, Selási 22, og ákærði Birgir þaðan að verkstæði Gunnars og Kjartans þar í þorpinu.

Telst athæfi ákærðu beggja varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en athæfi ákærða Héðins við 1. mgr. 28. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Málavextir eru þessir:

13. október 1978, kl. 1920, kom Jóhann Guðmundsson, Reynivöllum 2, Egilsstöðum, til lögreglunnar þar og tilkynnti henni, að annar ákærðu í máli þessu, Héðinn Kjartansson, væri að aka skurðgröfu undir áhrifum áfengis. Er lögreglan kom á vettvang ásamt Jóhanni, var búið að leggja skurðgröfu þessari við verkstæði Gunnars og Kjartans þar í þorpinu. Sótti lögreglan ákærða Héðin heim til hans. Var einnig sóttur ákærði Birgir Vilhjálms-son, og voru báðir ákærðu færðir á lögreglustöðina á Egilsstöðum til yfirheyrslu. Voru ákærðu að skýrslutöku lokinni færðir

á heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, þar sem tekið var úr þeim blóðsýni, kl. 1945, en þaðan voru þeir síðan færðir aftur á lög-reglustöðina, þar sem Róbert Róbertsson lögreglumaður tók varðstjóráskýrslur af þeim.

Í varðstjóráskýrslu er haft eftir ákærða Birgi Vilhjálmssyni, að hann hafi ekið skurðgröfu í eign fyrirtækisins Gunnars og Kjartans s/f frá Árskógum áleiðis að verkstæði Gunnars og Kjartans. Hafi hann hafið aksturinn um kl. 1830. Kvaðst ákærði hafa drukkið eitt og hálft vatnsglas af Hunts léttvíni á vinnustað sínum, verkstæði Gunnars og Kjartans, á tímabilinu milli kl. 1530 og 1730 og hafi hann verið einn við drykkjuna. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en hafa drukkið 2 til 3 glös af hvannarótarbrennivíni eftir akstur.

Haft er eftir ákærða Héðni í varðstjóráskýrslu, að hann hafi ekið skurðgröfu af Last gerð frá Árskógum áleiðis að verkstæði Gunnars og Kjartans og hafið aksturinn um kl. 1730. Hafi hann drukkið tvö óblönduð Coca-Cola glös af martini við Árskóga milli kl. 1600 og 1700 og verið einn við drykkjuna. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en hafa drukkið eina flösku af martini, eftir að akstri hans lauk.

Ákærðu hafa undirritað skýrslur þessar.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem Róbert Róbertsson hefur gert og undirritað, viðurkenndu báðir ákærðu að hafa ekið skurðgröfunni undir áhrifum áfengis. Ákærðu hafa ekki undirritað skýrslu þessa, og er hún ekki vottuð.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða Héðni, reyndist reducerandi efni samsvara 2.08‰, en 1.90 í blóðsýni úr ákærða Birgi.

Ákærði Héðinn skýrði svo frá fyrir dómi 8. febrúar 1979, að hann hefði verið einn við vinnu á verkstæði Gunnars og Kjartans greindan dag, hafi talstöð í skurðgröfunni verið biluð og hafi hann viljað fá gert við hana. Hafi hann verið búinn að smakka eitthvað áfengi og því beðið vinnufélaga sinn, ákærða Birgi, að aka vélinni fyrir sig að verkstæði Jóhanns Guðmundssonar. Hafi Birgir verið fús til þess. Áður en lagt var af stað, hafi Þórarinn Baldursson frá Reyðarfirði komið til þeirra og hafi það orðið úr, að Þórarinn ók þeim til Jóhanns. Er þangað var komið, hafi Þórarinn ekki viljað aka þeim lengra og farið á brott. Kvaðst ákærði Héðinn hafa farið inn til Jóhanns að ræða við hann um talstöðina. Hafi verið ákveðið að fara þaðan að verkstæði Benedikts Vilhjálmssonar og hafi hann beðið Birgi að aka vélinni þangað.

Hafi Birgir síðan ekið vélinni að verkstæði þessu og litlu síðar þaðan og aftur að vélaverkstæði Gunnars og Kjartans.

Ákærði Héðinn kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það, hvort ákærði Birgir hefði verið búinn að smakka áfengi, áður en þeir lögðu í þessa ferð. Hann kvað alllanga stund hafa liðið, frá því að ákærði kom aftur á verkstæðið úr ferðinni, þar til lögreglan hafði afskipti af þeim, og hefðu þeir ákærðu setið að drykkju þann tíma, sem hafi verið allt að tveim klukkustundum. Er borinn var undir ákærða Héðin framburður hans hjá lögreglu varðandi akstur hans á gröfunni í umrætt sinn, kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir efni lögregluskýrslunnar, þegar hann undirritaði hana, sökum þess hve ölvaður hann var. Mótmælti hann einnig framburði Jóhanns Guðmundssonar varðandi akstur sinn á gröfunni.

Vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson húsasmiður, Reynivöllum 2 á Egilsstöðum, skýrði svo frá fyrir dómi 8. febrúar 1979, að hinn 13. október 1978 hefði skurðgröfu verið ekið í hlaðið heima hjá vitninu og hafi ákærði Héðinn bankað upp hjá því. Hafi vitnið séð strax, að hann var ölvaður. Hafi annar maður verið í gröfunni og hafi enn fremur einhver þriðji maður gengið frá gröfunni, en hafi ekki verið að sjá, að sá hafi verið ölvaður. Hafi Héðinn beðið vitnið að líta á talstöð gröfunnar. Vitnið kvaðst hafa farið út í gröfuna til að líta á talstöðina og hafi þá verið þar fyrir Birgir Vilhjálmsson. Er vitnið hafði litið á talstöðina, hafi þeir Héðinn og Birgir farið að deila um það, hvor þeirra ætti að aka gröfunni. Hafi vitninu þá verið það ljóst, að Birgir var greinilega undir áhrifum áfengis. Hafi þetta endað með því, að ákærði Héðinn ók af stað á gröfunni að viðgerðarverkstæði Benedikts Vilhjálmssonar. Hafi vitnið farið á eftir ákærðu þangað og síðan farið að svipast um eftir lögreglunni, en ekki fundið lögreglumann strax og því farið aftur að huga að gröfunni. Hafi þá verið liðin nokkur stund, frá því grafan kom á viðgerðarverkstæði Benedikts. Hafi vitnið nú séð þá ákærðu á gröfunni, og var það nú ákærði Birgir, sem ók. Hafi gröfunni verið ekið að vélaverkstæði Gunnars og Kjartans.

Vitnið kvaðst hafa náð tali af Róbert Róbertssyni lögreglumanni u. þ. b. 1½ klukkustund síðar og skýrt honum frá mála-vöxtum og m. a. hafa sýnt honum slóð eftir gröfuna, þar sem henni hafði verið ekið utan í kantsteina á mótum Fagradalsbrautar og Seláss.

Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, er Róbert Róbertsson yfir-

heyrði Héðin Kjartansson um málið. Hafi Héðinn viðurkennt að hafa ekið gröfunni undir áhrifum áfengis. Vitnið heitfesti framangreindan framburð sinn.

Vitnið Þórarinn Baldursson verkamaður, Eyrarstíg 4, Reyðarfirði, skýrði svo frá fyrir dómi 1. mars 1979, að dag einn haustið 1978 hefðu ákærðu komið að máli við vitnið og beðið það um að aka fyrir þá skurðgröfu að húsi einu á Egilsstöðum, þar sem þeir ætluðu að láta athuga bilaða talstöð, sem var í skurðgröfunni. Kvaðst vitnið hafa talið, að Héðinn hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, en ekki hafa verið visst um, hvort Birgir væri það einnig. Vitnið kvaðst hafa gert ákærðu það ljóst, er komið var að umræddu húsi, að það mundi ekki aka lengra og ef þeir ætluðu að hreyfa vélina, yrði það á þeirra eigin ábyrgð. Vitnið kvaðst síðan hafa haldið á brott.

Vitnið kvaðst hafa hitt báða ákærðu daginn eftir og hafi þeir þá báðir skýrt vitninu frá því, að þeir hefðu þarna báðir verið undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hefði átt einhver orðaskipti við ákærða Birgi Vilhjálmsson, þegar það ók gröfunni í umrætt sinn.

Vitnið Benedikt Vilhjálmsson radióvirki, Útgarði 7, Egilsstöðum, kom fyrir dóm 13. júní 1979. Kvaðst vitnið minnst þess, að ákærði Héðinn Kjartansson og einhver annar með honum hefðu komið á verkstæði þess haustið áður með bilaða talstöð. Hafi Héðinn greinilega verið undir áhrifum áfengis, en sá, sem með honum var, hafi ekki komið alveg inn. Kvaðst vitnið þá ekki geta sagt til um, hvort sá hefði verið ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa séð til ferða þessara manna til og frá verkstæði þess.

Ákærði Birgir Vilhjálmsson kom fyrir dóm 13. júní 1979 og skýrði svo frá þá, að hann hefði greindan dag verið við vinnu á vélaverkstæði Gunnars og Kjartans ásamt meðákærða Héðni Kjartanssyni. Hafi þar einnig verið staddur maður nokkur, sem kallaður er Tóti. Hafi verið ákveðið að fara heim til Jóhanns Guðmundssonar að Reynivöllum 2 og hafi Tóti tekið að sér að aka þeim á skurðgröfu, þar sem Héðinn var ölvaður. Hann kvaðst hafa verið á förum heim til sín og því hafi hann fengið að fljóta með. Er komið var að Reynivöllum 2 hafi Tóti neitað að aka gröfunni lengra.

Hafi Héðinn ætlað að aka gröfunni til baka frá Reynivöllum og hafi hann því orðið að taka ráðin af Héðni og aka gröfunni sjálfur að verkstæðinu aftur með stuttri viðkomu á verkstæði Benedikts Vilhjálmssonar.

Hann kvaðst ekki hafa smakkað neitt áfengi, áður en hann ók gröfunni, og hafi hann því ekki fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann hafi átt brennivín á verkstæði Gunnars og Kjartans og hafi hann tekið það með sér heim til foreldra sinna eftir að hafa skilað gröfunni aftur að verkstæðinu. Hann kvaðst hafa byrjað að drekka áfengið þar og hafa drukkið nokkuð stíft, verið búinn að drekka a. m. k. 3—4 glös af brennivíni, er lög-reglan hafði afskipti af honum. Hafi foreldrar hans ekki verið heima og hann verið einn við drykkjuna.

Er framburður vitnisins Jóhanns Hrólfs Guðmundssonar varðandi akstur meðákærða Héðins var borinn undir ákærða Birgi, kvað hann þann framburð rangan. Hann kvaðst hafa ekið gröfunni sjálfur alla leiðina.

Verjandi ákærðu hefur krafist þess, að báðir ákærðu verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

III.

Allläng stund virðist hafa liðið, frá því ferð ákærðu á greindri skurðgröfu lauk, uns lögreglan hafði afskipti af þeim, eða að minnsta kosti ein og hálf klukkustund. Ákærði Birgir kvaðst hafa dvalið einn við drykkju á heimili foreldra sinna að Miðgarði 6 á þessu tímabili og hafa drukkið 3—4 glös af brennivíni. Ákærði Héðinn kveðst hafa verið við drykkju á sama tíma með ákærða Birgi, Stangast á framburðir ákærðu, hvað þetta varðar, en telja verður þó, að alkóhólákvörðun á blóðsýnum þeim, sem tekin voru úr ákærðu, verði ekki lögð til grundvallar varðandi ölvun þeirra í greindri ferð.

Fullsannað er með framburði vitna, að ákærði Héðinn Kjartansson hafi verið ölvaður í greindri för ákærðu í gröfunni.

Vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson hefur borið í dómi, heitfest, að ákærði Héðinn hafi viðurkennt hjá lögreglu að hafa ekið í skurðgröfunni í greint sinn, eins og greinir í varðstjóráskýrslu, sem vitnið Jóhann Hrólfur hefur undirritað sem vottur. Vitni þetta kærði ölvunarakstur til lögreglu og tilgreindi í því sambandi ákærða Héðin. Hefur vitni þetta borið, að það hafi séð ákærða Héðin aka gröfunni heiman frá vitninu og hafi það veitt ákærðu eftirför að raftækjaverkstæði Benedikts Vilhjálmssonar. Báðir ákærðu hafa haldið því fram fyrir dómi, að ákærði Birgir hafi ekið alla leiðina, og mótmælt framburði Jóhanns, hvað þetta varðar. Ákærði Héðinn hefur fyrir dómi kannast við undirritun

sína á varðstjóráskýrslu, en borið, að hann hafi sökum ölvunar ekki gert sér grein fyrir efni skýrslunnar, er hann undirritaði hana.

Eftir gögnum málsins virðist hvorugur hinna ákærðu hafa verið inntur eftir akstri hins við rannsókn málsins hjá lögreglu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið nægilega sannað gegn framburðum beggja ákærðu fyrir dómi, að ákærði Héðinn Kjartansson hafi gerst sekur um akstur skurðgröfunnar í greint sinn, enda þykir það atriði, að ákærði Héðinn var verulega undir áhrifum áfengis við skýrslugjöf hjá lögreglu, rýra sönnunargildi greindrar lögregluskýrslu. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Telja verður sannað með framburði vitnisins Jóhanns Hrólfs Guðmundssonar, hvað varðar sjáanleg áfengisáhrif á ákærða Birgi, og framburði vitnisins Þórarins Baldurssonar, hvað varðar viðurkenningu ákærðu um ölvun þeirra í greint sinn, að ákærði Birgir Vilhjálmsson hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur skurðgröfunnar 13. október 1978. Þykir það varða hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Í ákæruskjali er ekki krafist refsingar fyrir brot á áfengislögum, og verður ákærða Birgi því ekki dæmd refsing samkvæmt þeim lögum jafnframt.

Ákærði Birgir hefur samkvæmt sakavottorði sínu og öðrum upplýsingum sætt refsingum sem hér segir:

1977 12/6 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

1980 10/6 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 28.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. gr. umferðarlaga.

1980 26/9 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða Birgis Vilhjálmssonar þykir hæfilega ákveðin 1.800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá er ákærði með vísan til 81. gr. umferðarlaga sviptur öku-réttindum sínum í sex mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Þá dæmist ákærði til að greiða helming málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Ber að leggja helming sakarkostnaðar málsins að því er þátt ákærða Héðins Kjartanssonar varðar á ríkissjóð, þar með talin

málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Héðinn Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Helmingur sakarkostnaðar málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Ákærði, Birgir Vilhjálmsson, greiði 1.800.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 6 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði helming kostnaðar málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 23. nóvember 1982.

Nr. 232/1980. **Gylfi Guðmundsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Farmflutningar. Brunatjón. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.